HLUNNINDANYTJAR BREIÐFIRÐINGA

INNGANGUR

Oft hefur verið vísað til Breiðafjarðar sem matarkistu vegna þeirra miklu hlunninda sem fjörðurinn gaf af sér á tímum eyjabúskapar og gerir að mörgu leyti enn. Hlunnindi þessi gerðu svæðið sérstaklega eftirsóknarvert í harðindum á Íslandi. Þá héldu margir til Breiðafjarðar þar sem fjölbreytt fæðuúrval tryggði örugga lífsafkomu fólks.

SJÓSÓKN

Á Breiðafirði voru og eru enn gjöful fiskimið. Bátafloti Breiðfirðinga var með svokölluðu breiðfirsku lagi sem gerði það að verkum að þeir hentuðu vel til fiskveiða sem og flutninga á milli eyja. Fiskurinn var, ásamt öðrum hlunnindanytjum og hefðbundnum búskap, hluti þeirrar fjölbreyttu afkomu sem eyjabúskapurinn skapaði. Fiskur gekk víða og árstíðabundið á grunnmið. Auk hrognkelsa- og lúðuveiða á grunnslóð við eyjarnar var umfangsmikil útgerð frá Bjarneyjum, Oddbjarnarskeri og Flatey. Síðar færðist útgerðin til sjávarplássa á Snæfellsnesi og jafnvel til Patreksfjarðar. Að fornu mati var útræði hluti verðmats eyjanna, til dæmis var helmingjur verðmats Bjarneyja í sjó.

HEFÐBUNDINN BÚSKAPUR

Auk hlunnindanytja og útræðis voru eyjarnar nýttar til hefðbundins búskapar, með svipuðum hætti og tíðkaðist við landbúskap. Flestir héldu sauðfé sem beitt var í eyjum og hólmum, auk þess sem þörungar í fjörum nýttust til beitar. Víða var sauðfé flutt til sumarbeitar í landi. Kýr voru í öllum eyjum, en sjaldgæft var að halda hross.

HLUNNINDIN

Hlunnindanytjum á landi og fjöru má skipta upp eftir árstíma. Á vorin eru eggjaleitir og í júní hefjast dúnleitir. Þessi hlunnindi eru enn nýtt nú til dags. Áður fyrr var landselskópaveiði stunduð í byrjun júní og á haustin voru útselskópar veiddir. Ungatekja var í byrjun ágústmánaðar og sölvatekja var bæði að vori og síðsumars.

Lundi veiddur í háf í Lónkletti, 1974.

Selur verkaður 1956 á Staðarfelli í Dölum.


Skarfakál og Rita, 2016.

EGG

Eggjatekja hefur lengi tíðkast á Breiðafirði og enn er haldið í þá gömlu hefð að sækja sér egg á vorin. Þótt svartbaksegg hafi mest verið nýtt voru einnig tekin skarfs-, ritu-, æðar-, kríu-, anda-, teistu- og hvítmáfsegg. Egg svartbaks og hvítmáfs eru stærst þessara eggja og því matarmest en kríuegg eru smæst. Í dag eru nytjar helst af eggjum svartbaks og ritu en lítillega af eggjum æðarfugls, sílamáfs og grágæsar. Sílamáfur og grágæs eru nýlegir varpfuglar á Breiðafirði.

Eggjatekja var mikilvægur þáttur í mataröflun Breiðafirðinga. Eggin voru kölluð fjörefni vorsins enda orku- og næringarrík fæða. Að jafnaði voru egg skyggnd við tínslu eða vatnsprófuð til að greina hvort þau væru stropuð eða ný. Egg eru sögð stropuð eða unguð þegar unginn er farinn að myndast. Almennt voru þau egg ekki hirt til matar, sérstaklega ef um var að ræða æðarfugl, enda æðarfuglinn verðmætur fugl. Samkvæmt lögum mega aðeins landeigendur nýta æðaregg. Núorðið munu flestir æðarbændur vera hættir að tína æðaregg og telja það skaða æðarvarpið.

Svartbaksegg, 2017.

SELIR

Í eyjum og annesjum Breiðafjarðar voru víða þéttsetin selalátur, en selir voru stór hluti hlunninda á sumum bæjum fjarðarins. Tvær tegundir sela voru helst nytjaðar, landselur og útselur. Um tíma var vöðuselur veiddur meðan stórir hópar gengu inn fjörðinn. Munurinn á landsel og útsel er sá að útselurinn er stærri, allt að 2,5 metrar á lengd og yfir 300 kg meðan landselur verður 2 metrar og um 100 kg. Brimill nefnist karldýr beggja tegunda og er stærri en kvendýrið sem nefnist urta. Afkvæmi þeirra nefnist kópur. Selirnir halda sig oft saman í stórum hópum á skerjum. Landselur kæpir á vorin og útselurinn á haustin.

VEIÐAR

Selveiðar voru miklar bæði að vori og hausti en aðeins selskópar voru nýttir. Flestallir bæir höfðu einhverja landselskópaveiði, mismikla þó. Drýgst var veiðin við Fellsströnd, Skarðsströnd, í Reykhólahreppi og í Vestureyjum. Útselskópaveiði var mest í Vestureyjum. Nú á tímum er lítið um selveiði á Breiðafirði.

VERKUN OG NÝTING

Meðan að nytjar á sel stóðu sem hæst var allur selurinn nýttur en seinna aðeins skinn og kjöt. Kjöt landsselskópa og af ungum vöðusel var að mestu borðað nýtt og þótti bragðbetra en kjöt útselskópa. Hreifar og gónur voru sviðin, soðin og súrsuð og flestur innmatur nýttur. Fyrir tíma fúavarnaefna eru dæmi um að selblóð hafi verið notað til að verja hurðir torfbæja gegn fúa. Selskinn var verðmætasta afurð selsins. Skinn vorkópa þóttu fallegri en haustkópa og voru því verðmætari. Skinnin nýttust einnig til heimilisnota í skó og hlífðarföt. Að skinninu frátöldu þótti selspikið eftirsóknaverðast. Spikið var nýtt til matar og lýsisgerðar.

SELSKINN

Aðferðir við verkun selskinna er misjöfn eftir landsvæðum. Á Breiðafirði var skinnið flegið nett af fitukápunni og það látið liggja í vatni eða sjó í einn sólahring. Því næst var fitan skafin af skinninu og það þvegið. Eftir þvott var ösku nuddað í skinnið þar sem eimdi eftir af fitu. Loks var skinnið þanið og spýtt, þ.e. neglt á húsaþil og strekkt á því. Að spýtingu lokinni er vel verkað vorkópaskinn tilbúið sem verslunarvara.

BREIÐAFJARÐARNEFND

Útgefandi: Breiðafjarðarnefnd
Texti: Breiðafjarðarnefnd
Ljósmyndir: Anna Melsteð, Hermann Guðmundsson, Kristbjörg Hermannsdóttir, Tjörvi Bjarnason, Jón Einar Jónsson, Vignir Sigurgeirsson, Breiðafjarðarnefnd.
Uppsetning og hönnun: Anok margmiðlun ehf
Prentun: Hjá Guðjón Ó.ehf.
Júní 2018
www.breidafjordur.is

baeklingur-2018.indd 1 28/05/2018 13:35

DÚNTEKJA

Æðardúnn hefur alla tíð verið mikil búbót fyrir Breiðfirðinga og er enn. Dúnninn er munaðarvara og er meðal annars notaður sem fylling í sængur. Breytilegt er á milli ára hversu mikið magn af æðardún fæst, en dúnninn er að mestu fluttur úr landi. Æðarfuglinn hefur verið friðaður að einhverju leyti frá árinu 1786 og alfriðaður frá árinu 1847. Friðun æðarfuglsins og sú alúð og umhirða sem æðarbændur sýna tegundinni er meginástæða fyrir velgengni æðarbúskaparins á Breiðafirði og víðar á Íslandi. Æðarfuglinum líkar návist mannsins en henni fylgir vernd og umönnun. Æðarfuglinn verpir í flestum eyjum og hólmum á Breiðafirði.

DÚNLEITIR

Í dúnleitum er gengið um varplönd æðarfugls í leit að dún. Dúnninn fellur til þegar fullorpið er í hreiðrið. Þá myndar æðarkollan svokallaðan varpblett sem heldur hita á eggjunum þegar kollan liggur á. Bletturinn er þrútið, fjaðralaust svæði á kvið og bringu kollunnar. Kollurnar nýta dúninn sem af þeim fellur sem hreiðurefni. Þetta er dúnninn sem tíndur er og úr hverju hreiðri fást að meðaltali 14-16 grömm. Eftir að dúnninn er fjarlægður er hefð að breiða hey yfir hreiðrið til þess að hylja eggin fyrir öðrum fuglum og til þess að halda eggjunum heitum þar til æðarkollan leggst á aftur. Eftir dúnleitir er dúnninn hreinsaður áður en hann er seldur.

Misjafnt er hversu oft svæði eru gengin í leit að dún. Um miðja 18. öld voru leitir yfirleitt sjö en í dag eru þær aðeins ein til tvær. Aðferðir við tínslu æðardúns eru nánast þær sömu nú og áður. Vinir og vandamenn hjálpa æðarbændum við að ganga um vörp og tína dún. Oftar en ekki fær unga kynslóðin að fylgja með og lærir þannig þessar fornu aðferðir. Æðardúnn eru einu hlunnindin sem nýtt eru jafn mikið nú og áður, þegar búskapur var enn í eyjunum.

DÚNHREINSUN

Hreinsun og útflutningur á æðardún hófst ekki að ráði fyrr en á 18. öld. Talsverð þróun hefur orðið í hreinsunaraðferðum á dúninum. Í fyrstu var dúnninn sólþurrkaður utandyra og hreinsaður í höndum sem er tímafrek vinna. Síðan þróuðust nýjar aðferðir sem auðvelduðu hreinsun til muna. Algengt var að dúnninn væri hitaður í potti á hlóðum. Eftir hitun var dúnninn settur á dúngrindur, ramma með strengjum. Verkfæri sem ýmist er kallað hræll eða fantur var notað til að mylja ruslið úr dúninum. Ruslið féll að mestu úr og dúnninn sat eftir á strengjunum. Í dag vinna vélar þessi verk að mestu. Ofn er notaður til að hita dúninn, vélar fjarlægja úr honum rusl og fjaðrir og loks er hann yfirfarinn í höndum. Úr 5 kg af óhreinsuðum dún má fá 1-1,25 kg af hreinsuðum dún.

Æðarungar í hreiðri, 2011.

UNGATEKJA

Ungatekja var mikið stunduð á Breiðafirði en hún hefur nánast lagst af. Langmest var tekið af lundakofu en einnig var nokkuð tekið af svartbaks- og skarfsungum. Lítilræði var tekið af teistu- og rituungum.

KOFNAFAR

Lundi er algengur varpfugl á Íslandi. Hann verpir í hreiður í holum sem hann gerir í jarðveg eða í urð. Lundabyggðir eru margar á Breiðafirði en þeim hefur þó fækkað töluvert eftir að minkur nam land í firðinum árið 1948. Það þótti mikil búbót af lundavarpi. Breiðfirðingar kalla lundaungann kofu og veiðarnar kofnafar. Mest var kofnatekjan í Flateyjarlöndum og á tímabilinu 1880-1900 var meðaltekja þar 36 þúsund kofur.

Í kofnafari var ungi lundans tekinn sem og fullorðni fuglinn ef í hann náðist. Yfirleitt hófst kofnafar um miðjan ágúst og þar sem kofnatekja var drjúg var unnið frá morgni til kvölds. Góðir kofnamenn voru eftirsóttir og jafnvel sóttir í fjarlægar sveitir en góður kofnamaður þótti sé sem náði um 400 kofum á dag. Oft myndaðist hálfgerð samkeppni manna á milli um það hver næði felstum fuglum. Kofnamenn klæddust slitnum fötum og notuðu mjöl- og sykurpoka til að hylja hné og olnboga enda þurfti að skríða um grasbakka. Þótti vinnan sóðaleg og í rigningum urðu menn skítugir upp fyrir haus. Þar sem lundaholur geta orðið allt að 3 metrar er ekki alltaf hægt að notast við hendurnar. Þá voru notuð verkfæri til þess að sækja kofuna, en reynt var eftir fremsta megni að ná sem flestum kofum. Í erfiðum aðstæðum var leitað til besta kofnamannsins í hópnum.

Eftir að kofnatekja lagðist af tók við lundaveiði í háf. Með lundaháf er hægt að veiða mikið magn af fuglum á stuttum tíma ef veðurskilyrði eru hagstæð en best þykir að háfa lunda í smá golu. Í dag er lundaveiði í háf stunduð í litlum mæli en kofnatekja er nánast engin.

VERKUN OG NÝTING

Konur og börn sáu um að reyta og kryfja lundakofuna. Góðar reytingakonur voru jafn eftirsóttar og duglegir kofnamenn. Áður en kofan var reytt var bundið fyrir háls hennar svo ekki færi spýja á fiðrið. Fiðrið var notað í sængur og kodda og var að mestu útflutningsvara. Kofnasúpa var algeng á Breiðafirði en fyrst eftir kofnatekju var kofan borðuð fersk en meirihlutinn saltaður í tunnur til geymslu.



Kofnafar í Hvíldarhólma, 1991.

SKARFAFAR

Skarfategundir hér á landi eru tvær, dílaskarfur og toppskarfur. Stærstu varpsvæði beggja tegunda eru á vestanverðu landinu. Talsverðar nytjar voru af skörfum. Veiðiaðferðir á skörfum eru kallaðar skarfafar og aðeins skarfsunginn er nytjaður. Verka þarf ungann sem fyrst því fitan í hamnum getur valdið sterkju í kjötinu.

ÖNNUR UNGATEKJA

Svartbaksungar voru nýttir til matar. Kjötið var að mestu étið nýtt en stundum saltað. Teistukofur voru nánast aðeins nýttar á Breiðafirði en fullorðni fuglinn var aldrei drepinn. Teistukofur voru yfirleitt étnar ferskar og sárasjaldan saltaðar. Rituungar voru teknir í sumum eyjum þar sem aðgengileg rituvörp var að finna.

Þarabreiður í Steinólfsskeri, 2010.

AÐRAR NYTJAR

ÞÖRUNGAR

Grunnsævi Breiðafjarðar er þéttvaxið þörungum. Þeir voru áður nýttir til áburðar og jafnvel sem eldiviður og til beitar, en þekkt er að sauðfé sæki sérstaklega í rauðþörungana; sölin. Brúnþörungar; þang og hrossa- og stórþari; hafa á síðari árum verið slegnir og nýttir til efnavinnslu við verksmiðjurekstur. Söl er að finna á milli smástraums- og stórstraumsfjöru. Sölin voru nýtt til manneldis og voru að mestu borðuð með fiski. Aðgengi að vatni var nauðsynlegt til að geta nýtt söl því þau þarf að skola til að losa þau við saltið. Með útvötnun urðu sölin einnig sætari. Þegar sölvatekja var sem mest voru bátar fylltir af söl, þeir dregnir á land og fylltir af vatni til að útvatna sölin. Sölvatekja var mest í Saurbæjarfjöru en þar þurfti ekki að skola sölin eftir tínslu því árnar runnu yfir sölin þegar fjarað. Vatnskortur var ástæða þess að sum eyjabýli gátu ekki nýtt sölin til matar. Sölvatekja er enn stunduð á Breiðafirði en í litlum mæli.

SKARFAKÁL

Skarfakál var nýtt til manneldis á Breiðafirði. Kálið, eins og Breiðfirðingar kölluðu það, vex víðsvegar á firðinum en einstaklega vel við lundaholur. Kálið er ríkt af C-vítamínum og þótti vinna á skyrbjúg. Breiðfirðingar notuðu það mikið í grauta og súpur, þá aðallega kofnasúpu.

FJAÐRATÍNSLA

Á einstaka svæðum í firðinum safnast álftir saman í hópa. Álftir fella fjaðrir síðsumars og þá voru fjaðrirnar tíndar. Gengið var um fjörurnar þar sem álftirnar höfðu setið og fjöðrum safnað þar sem þær höfðu fallið af fuglinum. Fjaðrirnar voru þvegnar, þurrkaðar, flokkaðar og seldar í fjaðurpenna. Á Gilsfjarðarbrekku í Gilsfirði var mikil fjaðratínsla og talið að hún stæði að mestu undir rekstri heimilisins.